

7. gr.

Ferðakostnaður vegna erinda sveitarstjóra milli þéttbýliskjarna Norðurþings skal greiddur af sveitarfélaginu. Ferðakostnaður sveitarstjóra vegna ferðalaga utan Norðurþings, sem farin eru í þágu sveitarfélagsins er greiddur af Norðurþingi svo sem flugfargjöld, gistikostnaður, máltíðir og leiga bílaleigubíla innanlands. Vegna ferða erlendis í þágu sveitarfélagsins eru flugfargjöld að fullu greidd af Norðurþingi. Greiddir eru almennir dagpeningar samkvæmt gjaldskrá ferðakostnaðarnefndar ríkisins vegna útgjalda sveitarstjóra erlendis.

8. gr.

Að ráðningartíma loknum, skal sveitarstjóri, ef ráðningarsamningur verður ekki endurnýjaður, gegna starfi til bráðabirgða, ef nýkjörin sveitarstjórn óskar þess, þó ekki lengur en þrjá mánuði frá lokum ráðningartíma. Eftir að sveitarstjóri lætur formlega af störfum, hvort heldur sem er í lok ráðningartíma skv. grein 1 eða að loknu starfi til bráðabirgða skv. gr. 8, skal hann eiga rétt á þriggja mánaða biðlaunum frá Norðurþingi. Með biðlaunum er átt við laun og aðrar fastar greiðslur og hlunnindi samkvæmt grein 3, 4, 5, 6 og 7 í samningi þessum. Réttur til biðlauna skal ekki skerðast þrátt fyrir að sveitarstjóri hefji önnur störf á sama tímabili.

9. gr.

Samningi þessum geta aðilar breytt með samkomulagi sveitarstjóra og byggðarráðs. Verði ágreiningur um túlkun hans sem aðilar geta ekki jafnað með sér skal vísa honum til úrskurðar Héraðsáðs dóms Norðurlands eystra.

Húsavík 4. ágúst 2022



Formaður byggðarráðs

Sveitarstjóri


Hafrún Olgeirsdóttir


Katrín Sigurjónsdóttir

Vitundarvottar:


201076-3749

180180-5409

Ráðningarsamningur

1. gr.

Sveitarstjórn Norðurþings ræður Katrínu Sigurjónsdóttur, kt. 070268-2999 sem sveitarstjóra í Norðurþingi frá og með 1. ágúst 2022 til og með 15. júní 2026. Starfsstöð sveitarstjóra er að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík.

2. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins samkvæmt *Samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings*.

Sveitarstjóri undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda í samráði við formann byggðarráðs og forseta sveitarstjórnar. Sveitarstjóri á sæti á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda og ráða sveitarfélagsins með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

3. gr.

Föst laun sveitarstjóra skulu 1.600.000.- kr. frá og með 1. ágúst 2022 og taka breytingum samkvæmt kjarasamningi Framsýnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Laun þessi eru fyrir alla vinnu sveitarstjóra auk nauðsynlegra aukastarfa utan reglubundins vinnutíma og ekki er því greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Sinni sveitarstjóri öðrum störfum sem að jafnaði falla ekki undir starfssvið sveitarstjóra, skal samið um það sérstaklega.

4. gr.

Norðurþing leggur sveitarstjóra til farsíma og tölvu og greiðir af hvoru tveggja allan kostnað.

5. gr.

Sveitarstjóri skal vera slysa- líf- og sjúkdómatryggður á kostnað Norðurþings.

6. gr.

Norðurþing greiðir tilskyldar greiðslur af launum sveitarstjóra í Brú lífeyrissjóð ásamt séreignasparnaði. Sveitarstjóri skal njóta almennra réttinda sem kveðið er á um í kjarasamningi Starfsmannafélags Húsavíkur og Launaneftdar sveitarfélaga.

Kr. H.O.